

GJALDSKRÁ

fyrir hitaveitu á Varmalandi, Borgarbyggð.

1. gr.

Borgarbyggð selur heitt vatn til eigenda húsnaðis á Varmalandi samkvæmt gjaldskrá þessari. Gjaldskráin nær til þeirra upphituðu húsa sem reist hafa verið og kunna að vera reist. Á smásöluverð samkvæmt gjaldskrá þessari leggst virðisaukaskattur, orkuskipti og önnur gjöld samkvæmt lögum um umhverfis – og auðlindaskatta nr. 129/2009 og lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988 og reglum hins opinbera á hverjum tíma.

2. gr.

Borgarbyggð selur heitt vatn í gegnum rennismæla sem sveitarfélagið kostar, setur upp í hverri fasteign og sér um viðhald á. Mælir skal vera innsiglaður og er notanda/húseiganda með öllu óheimilt að rjúfa innsigli mælisins og áskilur Borgarbyggð sér rétt til að beita viðurlögum skv. almennum hegningarlögum sé það gert. Ef til þess kemur að takmarka þurfi notkun á milli aðila á kerfinu þá áskilur Borgarbyggð sér rétt til að setja upp búnað sem stjórnar rennsli og heldur uppi þrýstingi á kerfinu og er heimilt að breyta stillingum búnaðarins ef þörf er á.

3. gr.

Eftir að mælar eru teknir í notkun skal álestur vera annan hvern mánuð í eitt ár og árið eftir skal álestur vera tvisvar með jöfnu millibili, til að áætla notkun heita vatnsins. Eftir það skal álestur vera einu sinni á ári og eru greiðslur yfir árið byggðar á áætlun sem tekur mið af fyrri notkun. Eftir álestur er notanda sendur uppgjörsreikningur. Starfsmaður á vegum sveitarfélagsins sér um álestur mæla. Starfsmaður skal hafa frjálsan aðgang að öllum búnaði hitaveitunnar sem er í umsjón og eigu Borgarbyggðar. Eiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum Borgarbyggðar um viðgerð á bilun sem hefur í för með sér misnotkun á heitu vatni. Eiganda er heimilt að óska eftir aukaálestri mæla og skal greiða fyrir samkvæmt gjaldskrá Borgarbyggðar þar um.

4. gr.

Bakrennsli á hitaveituvatni er eign Borgarbyggðar sem getur heimilað nýtingu í gróðurhúsum, á bílaplönum o.s.frv. og hefur heimild til að setja um það sérstaka gjaldskrá. Borgarbyggð getur afturkallað heimildina ef nauðsynlegt þykir vegna almennra orkusparnaðarsjónarmiða. Óheimilt er fyrir notendur að tengja búnað inn á bakrennslið nema með fengnu samþykki Borgarbyggðar.

5. gr.

Gjald vegna heimæða gildir á nýbyggingum og þar sem veitulagnir eru ekki komnar að lóðarmörkum. Gjaldið á ekki við um heimæðar á þegar byggðum mannvirkjum þar sem lagnir eru komnar að lóðarmörkum og gengið hefur verið varanlega frá yfirborði. Geri húseigandi breytingar á skipulagi lóðar sem felur í sér breytingu á heimæð, ber hann að greiða fyrir breytingar eða tilfærslu á lögnum.

6. gr.

Gjalddagi er 15. hvers mánaðar og eindagi 15 dögum síðar. Sé reikningur ekki greiddur í síðasta lagi á eindaga eru ógreidd gjöld vaxtareiknuð frá gjalddaga reiknings. Ef lokað er fyrir hitaveitu vegna vanskila skal það tilkynnt á sannanlegan hátt með 7 daga fyrirvara á kostnað notandans. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er. Borgarbyggð áskilur sér rétt til fjárnáms vegna ógreiddra gjalda, sbr. 79. gr. orkulaga nr. 58/1967.

7. gr.

Sá aðili sem er skráður fyrir mæli er ábyrgur fyrir því að tilkynna flutning. Einnig er hann ábyrgur fyrir orkunotkuninni þar til tilkynning um annan notanda hefur verið móttækin hjá Borgarbyggð.

Fyrir útkall vegna bilunar sem reynist vera í búnaði notanda skal hann sjálfur greiða nema um annað sé sérstaklega samið.

8. gr.

Gjaldskrá fyrir afnot af hitaveituvatni er sem hér segir:

Vatnsgjald samkvæmt mæli:

Kr./m ³	2% orkuskattur	11% vsk	Söluverð, kr.
135,00	2,70	14,85	152,55

Mælagjald:

Leiga/dag, kr.	2% orkuskattur	11% vsk	Árgjald, kr.
95,90	1,90	10,55	39.550

Útkall vegna búnaðar notanda:

Dagvinna kr./klst.	24% vsk	Samtals, kr.	Næturvinna kr./klst.	24% vsk	Samtals, kr.
17.500	4.200	21.700	27.125	6.510	33.635

Önnur gjöld með virðisaukaskatti og öðrum gjöldum:

	Kr. með vsk
Aukamælis	Sleppa
Aukaálestur	5.900
Lokunargjald	17.500
Opnunargjald	Sleppa
Bakrennslisgjald	Sleppa

Heimæða- og tengigjald: Fylgir gjaldskrá Veitna.

9. gr.

Breytingar á gjöldum skulu háðar samþykkt sveitarstjórnar Borgarbyggðar.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Borgarbyggðar, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, til að taka gildi 1. janúar 2025.

Borgarnesi, 11. desember 2024.

Stefán Broddi Guðjónsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 30. desember 2024